

## HPE-2016-03 Stekkjarvík - kynning á gisti- og afþreyingarþjónustu í Hrísey

Umsækjandi er Stekkjarvík ehf. Sótt var um styrk til þess að markaðssetja, auglýsa og kynna gisti- og afþreyingarþjónustu í Hrísey. Umsækjandi er með eitt sumarhús í rekstri í Hrísey og annað í byggingu. Hann hefur því reynslu af útleigu sumarhúsa í gegnum þriðja aðila en síður er hægt að ráða af umsókninni að reynsla af ferðarþjónustu eða rekstri gistipjónustu sé til staðar. Umsækjandi hyggst færa út kvíarnar og bæta við gistiplássum fyrir allt að 30 manns og tengja einhvers konar afþreyingu eins og skíðagöngu, sjóferðum, norðurljósaferðum og fl. Verkefnið er ennþá á mjög skammt á veg komið því fara þarf fram á breytingu á deiliskipulagi, sækja um öll leyfi og vinna viðskiptaáætlun. Umsókn var mjög knöpp og skorti upplýsingar.

Verkefninu var úthlutað 400.000 kr.- árið 2016.